

**Móttakandi**

Múlaþing

Sóley Valdimarsdóttir

soley.valdimarsdottir@mulathing.is**Efni: Merkjadalur, frístundabyggð í landi Hafrafells 1, deiliskipulag**

Vísað er til tölvupósts frá Múlaþingi „Merkjadalur-deiliskipulag“ frá 16.01.2024. Þar sem óskað er eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofangreint deiliskipulag í landi Hafrafells.

Vegagerðin hefur skilning á áhyggjum umhverfis og framkvæmdaráðs Múlaþings vegna umræddrar vegtengingar. Eins og fram hefur komið getur einföld vegtenging við Hringveg að skipulagssvæðinu uppfyllt lámarkskröfur í dag um fjarlægðir milli vegamóta og með því að bæta umhverfi vegarins um vegamótin og vegsýn á vegamótum. Þá með því að auka skeringar í Selhöfða.

Til lengri tíma litið orkað það tvímælis því í námunda við þéttbýlissvæðið má búast við frekari uppbyggingu á svæðinu sem gæti kallað á betri stefnugreinda vegtengingu sem gengur ekki við þær aðstæður sem þarna eru þ.e.a.s í krappari beygju um enda Urriðavatns sem vegna raka getur valdið mikilli hálku sem gerir vegmótin mun varasamarin enn vegmót almennt.

Vegagerðin vísar því í fyrri umsögn frá 10. mars 2022, þar sem fjallað var um vegtengingu að deiliskipulagsreit á svæðinu. Þá var fyrirhuguð tenging aðeins norðar. Fjarlægð til Hafrafellsvegar (929-1) var þá of lítil. Í þeirri umsögn var bent á að tengja mætti svæðið við Hafrafellsveg (929-1) sem er héraðsvegur í umsjá Vegagerðarinnar. Þar var einnig tekið fram að rétt væri að sett yrði kvöð á nýja tengingu um að komi til frekari uppbyggingar á svæðinu verði öðrum heimilt að nýta hana. Til framtíðar litið.

Að framsögðu telur Vegagerðin því æskilegra að tenging að svæðinu verði um Hafrafellsveg.

Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurhrauni 3
210 Garðabæ
+354 522 1000

vegagerdin
@vegagerdin.is

Virðingarfyllst

f.h. Vegagerðarinnar

Jón Valgeir Sveinsson

Deildarstjóri

Tæknideild Austursvæðis